

TILMÆLI VEGNA RÝMINGAR

Í skipulagi almannavarna er rýming hluti af mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum hættu á samfélag og íbúa þess, áður en neyðarástand á sér stað eða á meðan neyðarástand varir. Það felur í sér að íbúar flytja á öruggari stað og síðan að þeir komist öruggir heim aftur í lok neyðarástands. Til að rýming gangi vel fyrir sig er mikilvægt að til sé áætlun um framkvæmd rýminganna.

Forboði eldgoss eru jarðskjálftar sem finnast víða og órói sem kemur fram á mælum vísindastofnana. Vísindamenn upplýsa almannavarnir um að gos sé að hefjast og þá virkja almannavarnir skipulag sitt og áætlanir. Ríkislögreglustjóri gefur fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæði.

Vegna óvissustigs er brýnt að íbúar Sveitarfélagsins Voga kynni sér eftirfarandi upplýsingar.



- Fjölskyldumeðlimir sóttir víða um bæ
 - Börn í leik- og grunnskóla skulu sótt af foreldri eða forráðamanni. Mikilvægt að foreldrar viti ef börn eru í dagskrá utan skólastofu (íþróttum, sundi o.s.frv.) á skólatíma.
 - Hver stofnun hefur sína rýmingaráætlun sem foreldrum ber að kynna sér.
 - Mikilvægt að kynna sér umferðarskipulag sem gildir í Sveitarfélaginu Vogum við rýmingu.
 - Aðilar hvattir til að sækja börn sín fótgangandi sé þessi kostur og aðstæður leyfa.
- Ekki er nauðsynlegt að koma við á söfnunarmiðstöðinni í Íþróttamiðstöð, hún er helst ætluð þeim sem þurfa að aðstoð við að komast úr bænum.
- Almennar upplýsingar er hægt að fá í hjálparsíma Rauða Krossins símanúmer:1717.
- Athugið: Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er íbúum skylt að rýma hús sín.
- Ítarlegri upplýsingar má finna á heimasíðu Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra, www.almannavarnir.is

Fjöldahjálparstöðvar

Reykjanesbær: Sunnubraut/Íþróttahús
Kópavogur: Kórinn
Selfoss: Vallaskóli

Aðstoð og upplýsingar

Þörf á aðstoð: Neyðarlínan - 112
Þörf á upplýsingum: Hjálparsími Rauða Krossins: 1717